

## **Aðalfundur Hundaræktarfélag Íslands var haldinn Miðvikudaginn 10. Júní 2020 og hófst kl: 20:00**

Stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar í félaginu sem haldinn var í hátíðarsal Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík og hófust fundarhöld kl.20.00

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna í þjóðfélaginu á tímum covid-19 var ekki unnt að halda aðalfund í Apríl né í Maí til samræmis við ákvæði 7.gr. laga félagsins og var því brugðið á það ráð að halda hann í Júní um leið og aðstæður leyfðu.

### **Opnun fundar og ávarp formanns**

Herdís Hallmarsdóttir stígur í pontu og bíður hún fundargesti velkomna. Hún kemur inná það að blíðskaparveður er úti og því munu þau stikla hér á stóru og reyna að hafa fundarhöld sem styðst. Með því setur Herdís 50. aðalfund HRFÍ 2020 og skipar í framhaldi Ara Karlsson sem fundarstjóra og Ágústu Pétursdóttur, fundarritara er það samþykkt meðal fundargesta og er Herdís fagnað með lófataki.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað**

Ari Karlsson var fundarstjóri og Ágústa Pétursdóttir fundarritari. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins 29. Maí sl. og í Fréttablaðinu 29. maí sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin um öll dagskráratríði og gætu áhugasamir fundarmenn skráð sig undir viðeigandi liðum á mælendaskrá hjá fundarritara. Mælendaskrá væri opnuð eftir hvern lið og myndi fundarstjóri tilkynna hvenær mælendaskrá væri lokað um hvern dagskrárlíð. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og þar með fundurinn lögmætur.

#### **2. Skýrsla stjórnar HRFÍ**

Herdís Hallmarssdóttir formaður flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt í heild sinni á netinu en helstu punktar fara hér á eftir.

#### **Stjórn skipuðu á síðasta ári:**

Herdís Hallmarsdóttir, formaður  
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður  
Þorsteinn Thorsteinson, ritari  
Svava Björk Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi  
Heiðar Sveinsson, meðstjórnandi  
Guðbjörg Guðmundsdóttir, varamaður  
Guðni B. Guðnason, varamaður

### **Punktur stjórnar:**

**Starfsmenn skrifstofu:** Starfsmenn skrifstofu eru í dag þær Guðný Rut Ísaksen, framkvæmdastjóri, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir og Erna Sigríður Ómarsdóttir. Innan félagsins eru einnig starfandi 14 nefndir sem skipa stórt sess innan reksturs félagsins. Þakkar Herdís þeim vel unnin störf og uppsker lófaklapp fundargesta.

**Einangrunarvistun hunda stytt niður í 2 vikur:** Áralöng barátta hefur loksins skilað þeim árangri að hundar dvelja nú tvær vikur í einangrun í stað fjögurra vikna. Nefnir Herdís þá miklu herferð sem félagið fór í gegnum sem hefur loksins skilað okkur þessum árangri og þykir henni tilefni til að óska öllum hundaeigendum til hamingju.

**Félagsmenn:** Aukning hefur verið á félagsmönnum á milli ára. Segir Herdís félagið skoða það í þau hvernig auka megi fræðslu á hinum ýmsu málefnum. Kemur hún inná ræktendanámskeið sem til stóð að halda en þurfti að lúta lægra haldi á tímum covid. Haldið var ræktendarabb þar sem reyndir ræktendur töluðu um reynslu sína og var það virkilega vel sótt. Kemur Herdís því inná að við getum vel nýtt þá auðlind af reynsluboltum sem við eigum hér heima.

**Ný reglugerð um skráningu í ættbók:** Sérákvæði um kröfur er varða einstök hundakyn voru endurskoðaðar á starfsárinu. Horft var til Norðurlandanna og upprunalands hveftrar tegundar og sú vinna unnin í samráði við deildir félagsins. Uppfærð reglugerð hefur verið samþykkt en rúmur tími verður gefinn til kynningar, aðlögunar og gildistöku.

**Fundastjóri lýsti mælendaskrá opna.**

**Ragnar Sigurjónsson** kom með spurningu um húsnæðismál Hundaræktarfélagsins og hvort félagið sé farið að huga að því að kaupa lóð.

**Herdís Hallmarsdóttir, formaður** svarar því að lítið sé að fréttu í þessum málum. Lítil áhugi hefur verið sýndur á húsnæðinu í Síðumúla. Hún segir að fundað hafi verið með sveitarfélögum en þau hafa sýnt þessu lítinn áhuga. Herdís segir að félagið hafi átt eigið fé sem ráðstafað var í að borga niður óhagstæð lán sem hvíldu á húsnæðinu og mun það koma sér betur en að borga af vöxtum lánanna.

**Mælendaskrá lokið fyrir þennan lið.**

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Fundarstjóri bauð Guðnýju Rut Ísaksen, framkvæmdastjóra, í pontu til þess að fara yfir reikninga félagsins. Ársreikningarnir hafa verið birtir á heimasíðu félagsins og einnig var þeim dreift á fundinum.

Guðný fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði hún einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar. Samantekt reikninga HRFÍ og RA – áætlanir byggjast á reikningum beggja félaga og fara helstu punktar hér eftir:

**Gjöld og Tekjur:** Tekjur og félagsgjöld hafa aukist á milli ára og samhliða því hafa gjöld einnig aukist. Má þar nefna hækkun á kjarasamningum, aukning á stöðugildum ásamt fleiri liðum sem hafa hækkað eins og til dæmis prentun, póstgjöld og fleira. Eigið fé hefur lækkað vegna láns sem greitt var niður á Síðumúlanum þess í stað skilar það sér í lækkun á vaxtarkostnaði.

**Launakostnaður:** Hefur hækkað á milli ára og eins og fyrr kemur fram þá hefur verið aukning á stöðugildum ásamt hækkunum á kjarasamningum.

**Sýningar:** Aukning hefur verið á sýningum félagsins og hefur það sannað sig að útisýningar félagsins komi mun betur út en innisýningar.

**Afmælis árið:** Félagið fagnaði 50 ára afmæli sínu á seinasta ári. Alskyns viðburðir voru í kringum afmælið sem stóðu okkur í rúmum 600.000 kr.-.

**Fundarstjóri þakkaði Guðnýju fyrir kynninguna og auglýsti mælendaskrá opna fyrir þennan lið.**

**Sigrún Guðlaugardóttir** spyr úti aukningu á starfsgildum á skrifstofu. Hvort það sé nóg að hafa þrjú starfsgildi.

**Guðný, framkvæmdastjóri** segir að eins og er séu lágmark þrjú starfsgildi nóg. Ef það verði mikil aukning þurfi að sjálfsgöðu að meta það hverju sinni. Enn sem komið er vita þær ekki alveg hvernig hlutunum verður háttað með nýju tölvukerfi og það þarf tíminn að leiða í ljós. Guðný vill líka taka það fram að í Covid-19 ástandinu var gripið til þess ráðs að fara hlutabótaleiðina.

**Anna Bachmann** spyr úti aukningu á félagsmönnum, hver ástæðan fyrir því sé.

**Guðný, framkvæmdastjóri:** Það er aukning á gotum á milli ára og það er klárlega ástæðan fyrir aukningu félagsmanna. Við höfum alltaf verið að sjá aukningu á milli ára þó svo að engin sérstök verkefni hafi verið til þess. Við settum á laggirnar frígjaldið fyrir nýja félagsmenn og það hefur einnig verið að skila sér í aukningu. Guðný segir að vonandi getum við sett meiri kraft í að auka fræðslu fyrir nýja félagsmenn.

**Herdís, formaður** tekur undir orð Guðnýjar um að frígjaldið sé að skila sínu. Langar Herdís einnig að koma inná það að vegna Covid-19 hafi félagið brugðist hratt við vegna tekjumissis af sýningum ásamt öðru og var strax farið í að setja starfsmenn skrifstofu á hlutabótaleiðina. Herdís segir að breytingar verði með nýja tölvukerfinu og kemur það í verkahring okkar félagsmanna að sýna samstöðu og hjálpast að í þessum málum.

**Anna Bachmann** fer úti rafræn mál. Nú sé mikill pappír í kringum t.d. deildirnar og spyr hún því hvort þetta muni heyra sögunni til með nýju kerfi.

**Guðný, framkvæmdastjóri** segir að svo ætti að vera. Það muni að sjálfsgöðu taka sinn tíma að skrá inn öll gögn en ef til framtíðarinnar er litið ætti pappírsvinna að minnka.

**Elín Gestsdóttir** spyr hvort að þeir sem eru á frígjaldinu fái innheimtu á félagsgjöldum að ári loknu.

**Guðný** segir svo ekki vera. Þeir félagsmenn sem er á frígjaldinu og hafa tekið þátt í viðburðum félagsins hafa fengið innheimtu en aðrir ekki. Vonandi verður hægt að halda betur utan um þetta í nýja kerfinu og þá jafnvel að skoða valgreiðslur í heimabanka.

**Faney Þórarinsson** spyr hvort búið sé að ganga úr skugga um að kerfið sé traust.

**Guðný** segir að svo sé og mun hún fara betur úti kerfið undir liðnum önnur mál.

**Mælendaskrá lokið**

**Fundarstjóri** tekur til máls og óskar eftir samþykki ársreikninga og er hann samþykktur samhljóða með handaruppréttingu.

#### **4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar**

Anna Hermannsdóttir stígur í pontu fyrir hönd siðanefndar og fer yfir helstu punkta frá starfsárinu.

Siðanefnd starfsárið 2019 - 2020 skipuðu þau:

##### **Aðalmenn:**

Ásta María Karlsdóttir

Klara Símonardóttir

Anna Hermannsdóttir

##### **Varamenn:**

Ari Karlsson

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

Nefndin hefur fundið 7 sinnum á starfsárinu. Á árinu 2019 bárust nefndinni 35 mál og það sem af er á árinu 2020 hafa nefndinni borist 33 mál.

Á starfsárinu 2019 -2020 hafa 33 mál verið afgreidd, þar af úrskurðað í 28 málum og 5 málum vísað frá. 35 mál eru því enn í vinnslu.

Úrskurðir voru vegna eftirfarandi brota:

Augnvottorð vantar, önnur heilsufarspróf vantar, s.s mjaðma og olbogamyndir, tók of gömul eða of ung, hvíldartími ekki virtur, annað, s.s ærumeiðingar á samfélagsmiðlum, stuldur á hundi og brot sem eru sértæk í úrvinnslu.

#### **Fundarstjóri lýsir mælendaskrá opna fyrir þennan lið**

**Steinunn Rán Helgadóttir** spyr hvers vegna siðanefnd tekur ekki fram tegund í úrskurðum sínum.

**Anna Hermannsdóttir** svarar að öllu jöfnu séu tegundirnar teknar fram nema í einstaka málum. Hún bendir á að ef það er einhvað sem er ábótavant megi alltaf senda línu á siðanefnd.

**Anna Bachmann** segir það mikilvægt fyrir stjórn deilda að fylgjast með gang sinna tegunda.

**Anna Hermannsdóttir** segir siðanefnd ekki skilduga til að upplýsa deildir um úrskurði nefndarinnar. Mál sem koma á borð siðanefndar eru að mestu leyti bundnar við einstaklinga og því um persónuleg mál að ræða.

#### **Mælendaskrá lokið**

## **6. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar lögð fram til samþykktar**

### **Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri stígur í pontu og kynnir áætlunina.**

Áætlað er að vöru og þjónustusala munu dragast saman vegna júní sýningar, prófa og fleira sem ekki var unnt að halda vegna covid-19. Gjöld munu lækka og er það að stórum hluta til vegna hlutabótaleiðarinnar sem farið var í vegna covid-19. Hækkun verður á skrifstofukostnaði vegna reksturs á tölvukerfi má þar nefna að kerfið þarf að fara í gegnum hýsingaraðila og fleira. Lækkun verður á vaxtargjöldun vegna innborgunnar á láni.

### **Ari lýsir mælendaskrá opna fyrir þennan lið**

**Fanney Þórarinsdóttir** spyr hvort kerfið sé svo stórt að það þurfi hýsingaraðila.

**Guðný, framkvæmdastjóri** svarar í stuttumáli að svo sé.

### **Mælendaskrá lokið**

**Fundarstjóri leggur starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fram til samþykktar aðalfundar og er hún samþykkt samhljóðandi með handauppréttingu.**

## **7. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir og er þeim dagskrálið því vísað frá.

## **8. Kosning stjórnarmanna skv. 10.gr laga félagsins**

Úr aðalstjórn gekk Þorsteinn Þorsteinsson og úr varastjórn gekk Guðbjörg Guðmundsdóttir. Er þeim þökkuð góð störf í þágu félagsins

### **Í framboði í stjórnarkjöri eru:**

Aðalstjórn: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir

Varastjórn: Anna Guðjónsdóttir

*Engin móttframboð bárust í tíma og eru þær því sjálfkjörnar í stjórn og er því fagnað með lófataki.*

## **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara**

### **Í framboði sem aðalmenn eru þeir**

Guðmundur A. Guðmundsson og Þorsteinn Þorbergsson

### **Í framboði sem varamenn eru þau**

Pétur Alan Guðmundsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir

*Engin móttframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki.*

## 9. Kosning siðanefndar

Í framboði er:

**Aðalmenn:**

Ásta María Karlsdóttir

Klara Símonardóttir

Anna Hermannsdóttir

**Varamenn:**

Ari Karlsson

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

*Engin móttframboð bárust á fundinum og eru þau því sjálfkjörin, er því fagnað með lófataki*

## 10. Önnur mál

### Nýtt tölvukerfi Hundaræktarfélags Íslands

Guðný, framkvæmdastjóri flytur erindi sem einnig verður kynnt á heimasíðu félagsins. Guðný fer yfir ferilinn sem félagið hefur farið í gegnum og fara punktar í grófum dráttum hér eftir:

Núverandi kerfið okkar Lukka var tekin í notkun til bráðabirgða árið 2002 og er enn í notkun 18 árum seinna. Kerfið hefur ekki verið uppfært í þó nokkurn tíma og sífellt fleiri hnökror koma upp í kerfinu. Í öll þessi ár hefur einn aðili sinnt Lukku fyrir okkur í sjálfbóðaliðastarfi. Í dag er þetta spurning um hvenær en ekki hvort Lukka hættir að þjóna hlutverki sínu.

Ráðist var í það að skoða hina ýmsu möguleika og var fljótt ljóst að við þyrftum aðstoð í þessum málum, enda óþarfi að finna upp hjólið ef kerfið er nú þegar til. Byrjað var árið 2014 að skoða aðild að kerfinu hjá FKK en árið 2017 var félaginu tilkynnt að ekki yrði af því samstarfi. Á Aðalfundi árið 2018 var unnið að því að fá aðgang að kerfinu hjá DKK og tókst það loks í lok sama árs.

Í dag er Hundaræktarfélagið aðeins með aðgang að hluta kerfisins og er stefnan núna sett á að taka í notkun allt kerfið. Guðný varpar upp nokkrum glærum með útlitinu á síðunni. Kerfið verður aðlagð okkur hvað varðar logo, titla og fleira en stórar breytingar kalla á aukinn kostnað svo til að byrja með verðum við að forgangsraða. Í fyrstu verður kerfið á ensku og jafnvel verða hlutar þess á dönsku til að byrja með. Í framtíðinni verður svo farið í það að þýða kerfið.

Kostnaður er mikill þegar ráðist er í svona framkvæmdir og koma margir þættir að því. Kerfið sjálft kostar okkur 900.000 isk.-, kostnaður við grunnvinnu er áætlaður um 5-6.000.000 isk. Kostnaður við uppsetningu á vélbúnaði er um 300.000 isk.- og er rekstur hans ásamt kerfisins áætlaður um 2.000.000 isk.- á ári. Á móti kemur að kostnaður sem við borgum nú þegar á kerfinu sem er um 2.000.000 isk fellur niður. Áætlað er að það kosti um 1.000.000 isk að þýða kerfið og mun það biða til betri tíma.

Búið er að sækja um styrk til Landbúnaðarráðuneytisins en einnig rennur allur ágóði af Match sýningu félagsins renna til kaupa á tölvukerfinu. Að auki hafa einstök fyrirtæki styrkt okkur með fjárframlögum.

Guðný segir kerfið búa yfir ýmsum eiginleikum. Til að mynda verður gagnagrunnurinn alfarið á netinu. Þar getur viðkomandi fundið alla þá hunda sem hann á, sótt um titla, skráð á sýningar, eigendaskipt hundum, skráð got, sótt um ræktunarnafn og margt fleira. Sum virkni mun þó einungis vera opin fyrir virka félagsmenn. Kerfið mun vera mikið framfaraskref fyrir félagið og ræktendur og jafnast það á við það besta sem völ er á í heiminum enda hefur það reynst frændum okkar vel. Á þessum nótum líkur Guðný máli sínu með lófaklappi fundargesta sem fagna nýjum áfanga félagsins.

Ari, fundarstjóri tekur til máls. Hann kveður á um það að fyrir honum séu vorboðarnir fjórir í heildina. Segir hann þá vera lóuna, aspirnar sem maður eyðir heillöngum tíma í að plokka úr feldinum á hundinum, ísbíllinn sem flautar fyrir utan á fimmtudögum og það að hlusta á punkta um nýtt tölvukerfi félagsins. Segir Ari að nú megi sumarið sko koma og opnar á sama tíma mælendaskrá undir liðnum önnur mál.

**Fanney Þórarinsdóttir** spyr hvort félagið hafi aðgang að uppfærslum í kerfinu í framtíðinni.

**Guðný, framkvæmdastjóri** svarar að svo sé. Ef það koma upp hefðbundnar uppfærslur á kerfinu ættum við að fá þær líka. En ef það eru einhversskonar sérþarfir er það einhvað sem þarf að skoða að hverju sinni.

**Fanney Þórarinsdóttir** langar að koma inná það að 900.000 kr fyrir kerfið sé gjöf en ekki gjald því almennt séu svona kerfi rándýr. Hlýtur hún lófaklapp fundargesta fyrir.

**Guðný** svarar því að DKK séu okkur innan handar og við séum afar þakklát fyrir.

**Ragnar Sigurjónsson** langar að fagna þessum tímamótum þar sem þetta hefur verið á dagskrá frá því að hann gekk í félagið og spyr um leið hvort íslykill verði notaður til innskráningar inni kerfið.

**Guðný** segir það ekki vera en allar greiðslur fara í gegnum örugga greiðslugátt.

**Lilja Dóra** tekur til máls og vill gefa Steina klapp fyrir að sjá um Lukku í sjálfböðastarfi í öll þessi ár og er honum fagnað að hástöfum meðal fundargesta.

**Edda Björk** spyr hvort kerfið verði á ensku eða hvort það fari yfir á íslensku.



**Guðný** segir áhersluna vera að koma þessum lykil þáttum í gagnið og svo verði farið í þýðingar. Svo í stórum dráttum þá er stefnan sett á að þýða kerfið yfir á íslensku.

**Ragnar Sigurjónsson** kemur inn á það að hér á landi séu Pólverjar líka og þá hvort pólskan komi líka inn.

**Guðný, framkvæmdastjóri** segir það ekki vera í forgangi.

**Anna Bachmann** segist því miður ekki verða í bænum þegar Match sýning félagsins fer fram. Hún spyr hvort hægt sé að skrá hund sem ekki muni mæta, svo kallaðann draugahund og styrkja um leið framtakið.

**Guðný, framkvæmdastjóri** segir það því miður ekki hægt en hægt sé að senda inn styrktargreiðslu merkta tölvukerfi og tekur **Herdís, formaður** undir og segir tillöguna frábæra.

**Ragnar Sigurjónsson** slær á léttu strengi spyr hvort það sé ekki tímabært að stofna hollvinafélag utan um tölvukerfið og uppsker hlátur fundargesta.

**Guðný** segir tölvukerfið okkar dýrt og auðvita munar um öll framlög.

**Ari, fundarstjóri** óskar eftir því hvort fleiri vilji taka til máls undir liðnum önnur mál, svo er ekki og því lokar hann mælendaskrá.

**Ari** líkur aðalfundinum á léttum nótum. Hann segir markmið sitt til fimm ára hafa verið að stytta aðalfund félagsins um einn og hálfan tíma og loksins hefur það tekist. Líkur hann þar með fimmtugasta aðalfundi félagsins kl: 21:25.